

STARFSSKYRSLA SKÓGARVARDARINS
Á
VESTURLANDI ÁRIÐ 1945.

STARFSSKÝRSLA

=====

Í megin atriðum skiftist starf mitt niður í eftirgreinda liði:

Eftirlit með skógræktargirðingum, verkstjórn við girðingarvinnu og græðireit, útvegum á efnisvið til nýbyggingar og viðhalds á girðingum, skýrslugerðir, bréfaskriftir, símtöl, plöntusala o.fl.

Ferðalög.

Árið 1945 var ég 140 daga fjarverandi frá heimili mínu í þágu skógræktarinnar.

Helztu ferðalög voru: Í marz fór ég vestur á Snæfellsnes og var ferðinni einkum heitið að Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi. Var erindið að koma á málum með fyrirhugaðar girðingarframkvæmdir þar. Fór ég síðan 6 ferðir vestur í Kolbeinsstaðahrepp eftir það og eina ferð vestur í Miklaholtshrepp.

Í maí fór ég að Brennu í Lundareykjadal eftir ósk Böðvars Árnasonar bónda þar. Í Brennu er einn fegursti skrúðgarður sem til mun á landi hér. Auk hinna fjölmörgu þroskuðu trjáa er munu nálægt eitthundrað að tölu og mynda samfellt laufþað á stóru svæði, hefir Böðvar sáð reynifræi í tvö beð áföst við trjálundinn, en þar vaxa uppnokkur hundruð plöntur. Þær eru á annan metir á hæð, en langt of þéttar.

Ráðlagði ég Böðvari að fara þessar plöntur þegar í stað og mældi ég út fyrir nýjum reit í því augnamiði.

Þá fór ég tvær ferðir að Staðarhrauni og Mel í Hraunhreppi.

Ferð að Grímsstöðum og Urriðaá í Álftaneshreppi. Ferð að Norðtungu og setti ég frú Guðrúnu eiganda Norðtungu úrslitakosti viðvíkjandi skógræktargirðingunni þar. Er svo ákveðið að í ársbyrjun 1946 geri hún ákveðin tilboð með hvaða kjörum hún afsali landi innan skógræktargirðingarinnar í hendur Skógræktar ríkisins.

Er Skógrækt ríkisins sér eigi hag í að ganga að tilböðum Guðrúnar, eru óbundnar hendur að ráðstafa girðingarefninu á annan hátt.

Lengsta ferð mín var um Dalasýslu alla og vestur í Reykhólasveit - að Kinnastöðum.

Ungmennafél. "Afturelding" og Kvenfélagið "Liljan" í Reykhólasveit fengu skóglendi til umráða í landi Reykhóla, gengt því skilyrði að landið væri afmarkað á sumrinu 1945 og girt á árinu 1946. ~~Fær~~ Fór ég eftir ósk áðurgreindra félaga vestur í Barmahlíð og mældi fyrir girðingunni. Hvergi hefi ég séð jafn mikið af aðalbláberjum og í Barmahlíð, enda er Barmahlíð ímynd ástarselunnar í huga unga fólksins á Vesturlandi, og hafa þjóðskáld okkar túlkað þennan fagra blett á þann hátt.

Nefnd félög óska aðstoðar Skógræktar ríkisins við útvegum girðingarefnis, en ætla að kosta alla vinnu við girðinguna.

Auk þeirra ferða er að framan greinir fór ég margar ferðir um nágrennið, í Reykholtssdal, Hvítársíðu o.fl.

Í máí s.l. fékk ég "Jeppbíl" til umráða og lærði á hann og notaði hann eingöngu til ferðalaga eftir það. Mikill munur var að ferðast á þann hátt, þrátt fyrir ýmsa ágalla er fram komu á bílnum.

Frankvæmdir.

Í vor var hafist handa um friðun á stóru landsvæði í landareign jarðanna Snorrastaða, Jörfa og Hraunsmúla í Kolbeinsstaðahreppi.

Eigendur þessara jarða eru:

Snorrastaða: bræðurnir Sveinbjörn, Magnús og Kristján Jónssynir bændur þar. Jörfa: Magnús Andrésson útgerðamaður í Reykjavík, en ábúandi Jónas Ólafsson.

Hraunsmúla: ríkisjörð, ábúandi Áretus Þórðarson.

Samkomulag náðist við eigendur og ábúendur þessara jarða um friðun landsvæðis og nemur lengd girðingarinnar 8 km.

Fjármagn til þessarar girðingar var af upphæð þeirri er veitt var úr ríkissjóði á s.k. ári til girðinga á löndum einstakra manna, og er þetta fyrsta stóra girðingin

sem girt er fyrir fé veitt samkvæmt lögum þessum.

Landsvæði þetta liggur meðfram þjóðveginum í Kolbeinsstaðahrepp - í miðri sveit.

Landið er flatt og að mestu þurt. Mikið af landinu eru melar uppblásnir, en virðast mjög frjófir. Skógkjarr er þarna töluvert - allvíða smá skógartorfur á milli uppblástursgeiranna, en hefir verið mjög illa með farið af óhóflegum ágangi einkum hrossa er flakka þarna umhirðulaust alla tíma árs, en þess skal getið að eigendur jarðanna eiga ekki þennan fénað. Mikill uppblástur er á þessu landsvæði og ef ekkert væri að gjört tel ég sennilegast að skógkjarrið hyrfi með öllu innan fárra ára.

Girðingin er 6 þætt gaddavírsgirðing og 3 m á milli uppistaða. En hefir eigi verið að fullu gengið frá samningum um veg er liggur gegnum girðinguna, en hlið hafa engin verið sett þarna ennþá.

Eftir samningaumleitunum er ég hefi átt við bændur þá er hagsmuna hafa að geta í sambandi við veginn, er það þegar ráðið að greiddar verði kr. 800.- til vegabóta meðfram girðingunni, en sleppa á móti báðum hliðunum, er slíkt hagkvæmt fyrir báða aðila.

Vonir standa til að hægt verði að auka gróður allverulega í þessari ~~gixix~~ girðingu á næstu árum, og væri í því sambandi æskilegt að gjöra tilraunir með fljót-vöxun melfræi og birkifræi á víxl. Ef vel tekst um skjótan árangur á þessum stað biða þúsundir hektara lands eftir sömu aðgerðum, og þó er hitt meira umvert að breyta hugarfari vantrúaðra kyrrstöðumanna í framsækna trúmenn á mátt moldarinnar.

Takmarkið er að breyta eyðimörk fortíðarinnar í gróna akra og blómlega skóga, og með því sýna sigur lífsins yfir eyðingu og dauða.

Í haust var girt girðing að lengd um 600 m (ca 2 hektarar), hjá Hólmavatni í Stafholtstungum í landi Stóru-Grafar.

Kvenskátafélagið "Stjarnan" í Borgarnesi hefir fengið land þetta á leigu af eignada Stóru-Grafar, og gjört um það samning í samráði við mig - til 60 ára.

Kostuðu skátar vinnulaun að mestumhluta við girðinguna, en Skógrækt ríkisins lagði fram girðingarefnið og verkstjórn.

Skátar lofa að hreinsa skóginn og hirða um hann, einnig kosta plöntun. Blettur þessi er á mjög fögrum stað í skógivaxnar hæðir við fagurt stöðuvatn. - Bílvegur liggur meðfram blettinum.

Skógræktarfélagið í Reykholtssdal fékk 10 gaddavírsrúllur ásamt staurum. Var girðingarefni þetta notað til friðunar á sáðreitum.

Allmikil vinna og efnisviður fóru í að lagfæra eldri girðingar. Mest er viðhaldið árlega á Jafna-skarðsgirðingu. Að þessu sinni var framkvæmd aðgerð á skógræktargirðingunni á Ytra-Felli. Um girðinguna á Yrta-Felli fhefir staðið styr á milli mín og eiganda landsins, Þorsteins sýslumann í Dölum.

Þegar landið var girt var mér sagt að Þorsteinn sýslumaður tæki við girðingunni á sýna ábyrgð þegar í stað. Eigi var langt um liðið þar til yfir mig rigndi kærur vegna þess hve illa girðingunni væri viðhaldið og að ég hugsaði ekki um að smala þennan fyrirhugaða sælu-reit sýslumannsins.

Þótt ég telji mér ekki skylt að sjá um viðhald eða smölun á girðingu sýslumannsins, gerði ég það í þetta sinn, en gjöri það ekki framvegis nema eftir boði skógræktarstjóra.

Plöntuuppeldi.

Græðireiturinn við Hreðavatn var starfræktur sem að undanförmu. Seldar voru fullar 3000 plöntur af birki s.l. vor. Í græðireitnum eru nú um 15000 plöntur af birki á mismunandi aldri. Auk þess var sáð birki og reynifræi í nokkur beð. Birkifræið kom vel upp og standa vonir til að hægt verði að planta miklu út innan skamms.

Erfitt er um vatn í græðireitnum og var á s.l. vori gerð tilraun til úrbóta með því að leggja vatnsrör úr Hreðavatni upp í græðireitinn og dæla vatninu upp. Þenn skortur á að þessi tilraun gefi góða raun.

Nokkrar sitkagrenisplöntur eru í reitnum en fer fækkandi, þrátt fyrir alla hugsanlega aðhlyningu sem hægt er að veita undir beru lofti. Eftir þeirri reynslu sem ég hefi af þessum plöntum tel ég ~~ógerlegt~~ ógerlegt að reyna venjuleg úti ræktun á sitkagreni fyrstu tvö árin.

Mjög miklir erfiðleikar eru á aðdráttum í græðireitinn sökumlegu hans.

Engum blandast hugur um að fullkomin "nýsköpun" verður að framkvæmast á sviði plöntuuppeldis á næstu árum, og kemur þá ekki annað til greina en stórvirk véla- vinna og væri þá skynsamlegast að hafa einn til tvo græðireiti yfir landið allt. Við Íslendingar erum svo fámennir að eigi stoðar að dreifa slíkri starfsemi víða um landið.

Skógarhögg var lítið, aðeins 2 tonn. Veldur mest um erfiðlega skógræktargirðinganna, auk þess alltof dýr vinnukraftur miðað við þær tekjur er fyrir viðinn fast. Hins ber að gæta, að full þörf væri á að hreinsa rotinn tré og fúasprek, sem víða eru til lýta og tjóns innan um ungvíðið, en slíkt leyfa fjárframlög til skógræktarinnar ekki, enda að þeim lítil "nýsköpunarkeimur".

Veðurátta-Nýgræðingur.

Tíðanfar er oftast erfitt á vesturlandi fyrir byrjunarræktun á hvaða sviði sem er.

Við eigum það víst að á hverjum vetri geri auða jörð með miklu úrfelli, og oft verður klakalaust. Oftast enda þýðviðrin með vestan rosa og krappa snjó. Hledst þá stundum svo mikið af snjó utan á trjágreinum að þær klofna frá aðalstofni og eftir verður óbatanelgt tjón á trénu. Fyrir kemur að ung og veigalítill tré falla algjörlega fyrir slíku ofurefli.

Að enduðum vestan rosun gengur oft til norðanáttar

með hörkufrostum, Undir er jörðin blaut og aur í holtum.

Klakalag myndast mjög fljótt, en viðkvæmt og veikbyggt ungvíðið sem ekki hefir skotið rótum í traustan jarðveg, hrekst sem leiksoppur í ~~efstu~~ efstu frosts-káninni, ratur slitan og framtíð ungvíðisins er annað tveggja, stórlömuð eða það ferst með öllu.

Liðinn vetur var umhleypingasamur, en voríð mjög kalt. Fraus á hverri nóttu að kalla allan maí-mánuð og fram í júní.

Þegar leið á júní brá til hlýviðra og úrfella. Helzt sú tíð óbreytt fram til 15. nóv. og á öllum þessum tíma komu hér 2 eða 3 frostsætur, er slíkt næstum eindæmi.

Plöntur í græðireit döfnuðu vel,

Hið sama mætti segja um ungvíði í óræktaðri jörð. Eg mældi ársvöxt á nokkrum stöðum og reyndist hann frá 20 cm allt upp í 60 cm. Eg mældi meðal annars ársvöxt á kjarri hjá Magnússkógum í Hvammssveit, en þar er skógur horfinn að mestu, aðeins leifar af kjarri - reyndist ársvöxtur þar 50 cm.

Mjög mikill nýgræðingur er í vexti í mörgum skógræktargirðingunum, einkum Jafnaskarðs- og Sauðhúsakóga-girðingu. Í Hreimstaðagirðingu er árangur góður, en mikil nauðsyn ber til að stækka hana hið bráðasta.

Skógarhögg hefir minnkað hin síðari ár, en eigi að síður er skógunum allvíða hætta búin af uppblæstri og ágangi, eru hrossin orðin þar drýgst að verki því þeim hefir fjölgað síðari árin úr hófi fram, enda nálgast hrossaeign margra það er talið væri á öðrum sviðum ráðleysi er löggjafavaldið teldi sér eigi sæma að láta afskiftalaust.

Það stoðar lítið að viðurkenna nauðsyn þess að græða landið og leggja fram fjármuni og starf í því auginamiði ef vágastur eins og hrossaeign landsmanna fær að vera óáreiðtt. Meðan hrossin voru nær eingöngu notuð til fluttninga og ferðalaga um landið var mikil hrossaeign vorkunnar-mál landsmönnum, en þegar svo er komið málum að allverulegur hluti bændastéttarinnar kemur aldrei upp á hesthrygg, virðist grundvöllurinn, undan stóðhrossaeign landsmanna vera úr sögunni.

Hugleiðingar um framtíð og fortíð.

Það er venja um hver áramót að líta yfir liðna tíð, og reyna einnig að skyggjast inn í framtíðina. Um áramótin gerum við upp við fortíðina og spáum inn í framtíðina.

Það orkar ávalt tvímælis hvernig hefir verið unnið að úrlausn þeirra verkefna er vinna þyrfti. Hefir okkur miðað áleiðis í starfinu, eða höfum við staðið í stað eða jafnvel miðað aftur á bak.

Ég legg á það engan dóm, hvern veg mér hefir til tekist á árinu um starf mitt í þágu Skógræktar ríkisins.

Ég veit aðeins að ég vildi gjöra vel, það er mér var fyrir trúað.

Það eru viðburðarríkir tímar og óráðnir um þessar mundir. Ef í stuttu máli ætti að lýsa þjóð vorri og háttum hennar nú, yrði það eitthvað á þessa leið:

Raunverulega líður öllum vel, allir hafa nóg að starfa, er viltja starfa og allsnægtir af daglegum þörfum eru almennari nú, en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar.

Þjóðin hefir aldrei haft eins góð fjárráð og nú. Þrátt fyrir þetta virðast flestir kvíða einhverju. Ef ég ræði við menn um raunhæft starf hvort heldur það er friðun örfoka lands, skógkjarrs, eða ræktun landsins á annan hátt, æm er aðkallandi nauðsyn, þá kemur þetta sama svar oftast "það er ekkert hægt að gjöra það er allt svo dýrt, og bráðum kemur svo hrúnið"

Í fljótu bragði virðist þetta svar hljóma sem hjáróma rödd innan um allsnægtir eyðslusemi og kröfur líðandi stundar að vera að tala um hrún. Það er ~~meðfædd~~ meðfædd eðliskennnd hverjum heilbrygðum manni að reyna að skynga næstu framtíða sýna, eftir því sem auðið er. Allir óska allsnægta, og betri lífskjara. Það er framþróun lífsins.

Eitthvað er bogið við það ástand þegar hræðsla og uggur grípur fólk á tímum farsældar - um að á næstu grösum séu lakari tímar framundan. Þetta er hið raunástand á Íslandi í dag.

Þjóðin er - þrátt fyrir alþsnægtir hrædd við versnandi tíma, og það sem verst er, ef kemur efnalegt hrun yfir íslenzku þjóðina, þá veit hún að slíkt er heima tilbúin varningur, sökum þess, að þjóðin kunni ekki að gæta fengis fjár.

Engin fjársjóður er þjóðunum betri en velyrkt land og fagurt. Ekkert þroskar betur hug og hönd kynslóðanna en að umgangast fagurt land, og taka þátt í daglegum störfum er þar eru unnin - einhvern tíma ævinnar. Íslenzka þjóðin skilur ekki þessa staðreynd um þessar mundir. Þótt margir ljái í orði fylgi sitt við hugsjónina "að klæða landið", þá er alvaran minni á bak við. Framkvæmdarþráin kafnar í hringiðu líðandi stundar, árangurinn töluð og skrifuð orð er í fjarlægir framtíð verða úrlausnarefni sálfræðingum um þá kynslóð er lifði á Íslandi undir miðja 20. öld.

Árin 1931 til 1936 var "kreppa" á Íslandi. En þá var samt framfarahugur í fólkinu. Það var gaman að starfa í æskulýðsfélagsskap um þær mundir og finna þá miklu fórnarlund og óeigingjarna starf er auðkenndi æskuna. ~~Mjög~~ Mörg mannvirki frá þeim tíma tala skýru máli um þetta.

Þó hafði æska þeirra tíma nálega engum fjármunum úr að spila, en hún hafði "kraftinn" í sjálfu sér og hún vann störfin af sköpunarþrá hins heilbygða æskumanns án tillits til "daglauna að kvöldi".

Íslenzka þjóðin er fámennasta sjálfstæða þjóð í heimi. Fámenni fylgja örðuleikar.

Þjóð okkar þarf því að fylgja áræði og umfram allt þolgæði í hverri raun.

Við meigum ekki ala upp nokkurn þegn í anda þeirrar öfugþróunnar, að nokkur þegn í þjóðfélaginu geti komiðt hjá því að vinna að hagnýtum störfum er þjóðarheildina varðar mestu á hverjum tíma.

Ef þjóðin ætlar að lifa og starfa áfram sem sjálfstæð þjóð - þá verður hún að sinna meira í verki þeim sjálfsögðu skyldum að klæða landið sem hún byggir.

Það þykir engin goðgá um þessar mundir að einstaklingur byggji hús yfir fjölskyldu sína fyrir hærri upphæð, en ríkið sem heild leggur fram til skógræktarmála á öllu landinu á einu ári.

Út frá þessum hugleiðingum vaknar sú spurning: Hvað getum við er störfum fyrir Skógrækt ríkisins - þolað lengi slíkt ástand:

Við skiljum vel þá hættu er málefnum skógræktarinnar stafar af ástandinu í dag. Þegar verja verður meira fé í ramma utan um framkvæmdirnar - heldur en hægt er að verja til framkvæmdanna sjálfrar - þá er komið í fullkomið óefni:

Þetta er sú bitra staðreynd um afkomu þjóðarinnar. "Umbúðirnar eru vött". "Innihaldið", verkið sjálft er "lóð".

Skógrækt ríkisins þarf mörgum sinnum meira fé til starfsemi sinnar. Við sem ~~meirvæðing~~ fyrir Skógræktina vinnum, fynnium bezt á ferðum okkar um landið hve þörfin er brýn á auknu friðunnarstarfi.

Mig tekur fátt sárara, en neita bændum og félagsamtökum um girðingar, er miða að auknu gróðurstarfi - hvort heldur er um örfoka land eða skógarbeldi. Ég veit að hvert ár er tapast, er týndur fjársjóður og kemur niður á framtíðinni.

Við vonum flestir að batnandi tímar séu í námunda. Tímar þar sem "nýsköpun" verður framkvæmd, en ekki einungis talað um hana. Við þörfumst athafna, en ekki meiri skriffinnsku.

Ég enda þessar hugleiðingar í einlægni von um það, að á árinu 1946 fái ég meira fjármagn til framkvæmda í Vestfirðingafjórðungi frá Skógrækt ríkisins, en verið hefir úndanfarin ár.

Kærar þakkir mínar færi ég skógræktarstjóra fyrir ágætt samstarf á árinu 1945.

Beigalda 31. des. 1945.

Daníel Kristjánsson.